



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. desember 2025
HER-202511-4993

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um breytingu á reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg, mál nr. S-232/2025 í samráðsgátt.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir gögn málsins og veitir eftirfarandi umsögn.

HER metur það svo að þær breytingar sem lagðar eru til séu almennt jákvæðar. Sem dæmi má nefna að jákvætt er að fá inn gildi fyrir PFAS efni og 6 gilt króm og að jarðolíu sé skipt upp í fleiri flokka eftir lengd kolefniskeðja. Að mati HER er þó ekki nægilega skýrt á hvaða grunni breytingar á gildum eru til komnar.

Rannsókn á bakgrunnsgildum. Til grundvallar breytingum á viðmiðunarmörkum fyrir kopar, kóbalt og vanadíum eru lagðar niðurstöður úr rannsókn á bakgrunnsgildum í menguðum jarðvegi á höfuðborgarsvæðinu (Efla 2025). Að mati HER væri ráðlegt að framkvæmd væri umfangsmeiri rannsókn á bakgrunnsgildum til að skapa grundvöll fyrir viðmiðunargildi sem gilda eiga um allt land. Rannsóknin byggði á takmörkuðum fjölda sýna á afmörkuðu landfræðilegu svæði, þ.e. höfuðborgarsvæðinu. Mismunandi berggrunnur, lekt jarðvegs og fleiri þættir spila inn í varðandi magn og dreifingu þessara efna og því ekki hægt að alhæfa neitt um bakgrunnsgildi efna nema fara í heildstæða úttekt yfir allt landið. Einnig væri rétt að meta hversu fastbundin mengunin er með gerð útskolunarprófa enda ætti heilsuvernd mannfólks, ekki síst barna og viðkvæmra hópa, að vera að leiðarljós við ákvörðun gildanna. Athygli vekur að eitt gildi er gefið upp fyrir Vanadíum og á það jafnt við um íbúðarsvæði og athafna/iðnaðarsvæði. Er það breyting þar sem nú er sitthvort gildið eftir landnotkun en í greinargerð með breytingunni er ekki skýrt sérstaklega af hverju lagt er til að eitt gildi verði fyrir báða landnotkunarflokka. Þá er það gildi sem lagt er til frekar hátt ef horft er til mæligilda í skýrslu um Bakgrunnsrannsóknir á mengun í jarðvegi á höfuðborgarsvæðinu. HER telur að lægra gildi eigi við fyrir íbúðarsvæði en lagt er til. Ráðandi forsenda ætti ávallt að vera möguleg áhrif á mannfólk, ekki síst á börn og viðkvæma hópa. Að mati HER þarf að ígrunda gildi fyrir Vanadíum betur og líklega væri ráð að framkvæma útskolunarpróf til að kanna hversu aðgengileg mengunin er. Athuga þarf að þó svo mengunin sé komin til af náttúrulegum orsökum þýðir það ekki að hún sé ekki hættuleg heilsu.



HER telur mjög jákvætt að gildi fyrir PFAS efni komi inn í reglugerðina. PFAS mengun hefur verið staðfest í jarðvegi og yfirborðsvatni í Reykjavík og mikilvægt að fá viðmiðunargildi til að hjálpa leyfis- og eftirlitsaðilum við túlkun gagna. HER bendir á að talið sé að PFAS efni séu fleiri þúsund en greiningaraðferðir ná einungis til fáeinna þeirra. Mikil þróun er í Evrópu í málaflokki PFAS efna og ríki að lækka viðmiðunargildi, lækka verulega í sumum tilfellum. Að mati HER er fullt tilefni til að taka inn fleiri PFAS efni t.d. að miða við summu 22 PFAS efna en viðmiðunargildi fyrir það hafa verið sett í t.d. Danmörku, Noregi, Hollandi og Svíþjóð. Mikilvægt er að Ísland verði ekki eftirbátur annarra landa þegar kemur að kröfum til heilnæms umhverfis og mengunarrannsókna en fyrirséð er að þessi málaflokkur eigi eftir að fá meiri þunga hvað varðar kröfur til vöktunar og hreinsunar í náninni framtíð. Horfa þarf til löggjafar í Evrópu í málaflokknum.

Að mati HER er þörf á frekari breytingum á reglugerðinni en hér eru lagðar til, en þær snúast um efni/texta hennar en ekki viðaukann. Má nefna að skýra ábyrgð á mengun á jarðvegi þegar margir rekstraraðila hafa verið með mengandi starfsemi á lóð. Sama á við um sögulega mengun þar sem rekstaraðilar eru jafnvel löngu hættir starfsemi og ábyrgð því óskýr. Ennfremur er þörf á að reglugerðin verði endurskoðuð reglulega til að hún endurspegli rannsóknir og breytingar varðandi mengaðan jarðveg, bæði varðandi efni sem ástæða er til að rannsaka fyrir og viðmiðunargildi þeirra. Auknar rannsóknir á heilsufarsáhrifum mengunarefna í jarðvegi hafa leitt í ljós nýjar upplýsingar um áhrif á heilsufar og því getur verið nauðsynlegt að grípa fljótt inn í til að koma í veg fyrir skaða.

F.h. heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnistjóri í vöktun

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri umhverfiseftirlits

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

1. gr.

Tafla í 1.1 gr. í viðauka reglugerðarinnar verður eftirleiðis svohljóðandi:

Frumefni/efnasamband	Hámarksgildi fyrir landnotkun íbúðarsvæðis (mg/kg þurrefnis)	Hámarksgildi fyrir landnotkun atvinnusvæðis (mg/kg þurrefnis)
Antimon (Sb)	15	22
Arsen (As)	27	76
Kadmíum (Cd)	1,2	4,3
Kóbalt (Co)	52	190
Króm (tot)	130	180
Króm 6 (Cr IV) ¹	50	80
Kopar (Cu)	112	300
Kvikasilfur (Hg)	0,83	4,8
Blý (Pb)	210	530
Mólybden (Mo)	88	190
Nikkel (Ni)	160	200
Tin (Sn)	180	900
Vanadíum (V)	448	448
Sink (Zn)	200	720
Sýaníð (frítt)	3,0	20
Sýaníð (komplex)	5,5	50
Bensen	0,2	1
Tólúen	0,2	1,25
Etýlbensen	0,2	1,25
Xylen (summa)	0,45	1,25
PAH – Lágt ²	3	15
PAH – Meðal ³	3,5	20
PAH – Hátt ⁴	1	10
PCB summa (7) ⁵	0,04	0,5
Díoxín og fúrön ⁶	0,000055	0,000055
DDT	0,2	1
DDE	0,13	1,3
DDD	0,84	34
Tríbútiltyn (TBT)	0,065	0,065
Alífat >C5 - C8	25	150
Alífat >C8 - C10	25	120
Alífat >C12 - C16	100	500
Alífat >C5 -C16	100	500
Alífat >C16 -C35	100	500
Aromatísk kolvetni >C8 - C10	10	50

Aromatísk kolvetni >C10 - C16	3	15
Aromatísk kolvetni >C16 - C35	10	30
PFAS 4 ⁷	0,010	0,010

¹ Efnið er ekki hluti af staðalrannsókn heldur er viðmiðið sett fram þegar grunur er um að svæðið geti verið mengað af efninu eða þegar heildarkróm mælist yfir viðmiðunargildi fyrir íbúðarsvæði.

² Summa naftalen, acenaften, acenaftýlen.

³ Summa fluoren, antracen, fenantren, fluoranten og pyren.

⁴ Summa benso(a)antracen, krysen, benso(b,j,k)fluoranten, benso(a)pyren, benso(g,h,i)perýlen, indeno(1,2,3cd)pyren og dibenso(a,h)antracen.

⁵ Summa PCB 28, PCB 52, PCB 101, PCB 118, PCB 138, PCB 153 og PCB 180.

⁶ Heildarstyrkur fjöklórðaðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana, auk díoxínlíkra PCB-efna, að teknu tilliti til eiturjafngildisstuðla (TEF) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

⁷ Summa PFOS, PFOA, PFNA og PFHxS. Sýnatökur framkvæmdar þegar grunur liggur á að mengun geti verið til staðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. tölul. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.